

VIÐBÆTIR

Yfirlit

u m

alþingiskostnað

frá 1. jan. til 31. des. 1918.

(Með fylgiskjölum I—VII).

I. Þingfararkaup alþingismanna (<i>fylgiskj. I.—II.</i>):		
A. Vorþingið	kr. 66966,40	
B. Haustþingið	— 11913,50	kr. 78879,90
II. Goldið starfsmönnum:		
A. Vorþingið	kr. 17504,00	
B. Haustþingið (þar í talin árslaun skrifstofustjóra og aðstoð í skrifstofu milli þinga)	— 6239,00	— 23743,00
III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:		
1. Útgáfukostnaður Alþt. og önnur prentun:		
A. Eftirstöðvar af umræðum frá aðalþinginu 1917, með aðalefnisyfirliti	kr. 22823,70	
B. Vorþingið	— 24471,56	
C. Haustþingið	(<i>fgskj. III.—V.</i>) — 3167,49	
D. Burðargjald og umbúðir	— 1010,35	kr. 51478,10
2. Útgáfukostnaður Landsreikninga:		
A. Til yfirskoðunarmanna LR. 1916	kr. 3000,00	
B. Prentkostnaður	— 3472,50	
C. Prófaralestur	— 141,00	— 6613,50
		— 58091,60
		Flyt kr. 160714,50

Flutt kr. 160714,50

IV. Bókband, bækur, ritföng:

1. Bókband	—	322,60	
2. Bækur	—	68,70	
3. Ritföng	—	1193,36	— 1584,66

V. Ljós og hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:

1. Ljós og ljósfæri:

A. Ljós	kr. 164,92	
B. Ljósfæri	— 241,28	kr. 406,20

2. Hiti — 10120,00

3. Ræsting:

A. Ræstingavinna	kr. 1436,58	
B. Ræstingavörur	— 277,45	— 1714,03

4. Viðhald á húsi — 1015,40

5. Viðhald á munum — 463,38 — 13719,01

VI. Önnur útgjöld:

1. Aðstoð og aukavinna kr. 197,00

2. Kostnaður við einstakar nefndir (fjárveitinga-
nefndir beggja deilda) — 174,47

3. Símagjöld Alþingis — 155,40

4. Símanot þingmanna [simskeyti og símtöl þing-
manna kr. 2604,15 (*fylgiskj.* VI. og VII.), tal-
símaleiga kr. 18,00, varsla þingmannasímans
kr. 515,00 + 60,00] — 3197,15

5. Þinghúsgarðurinn — 12,65

6. Opinber gjöld — 658,03

7. Sambandslagasamningar (það af kostnaðinum,
er komið hefir á reikning Alþingis):

A. Prentun kr. 1171,20

B. Ritföng, gerðabækur, burðar-
gjöld, símanot o. fl. — 162,35

C. Skrifarar og aðstoð — 1010,00

D. Dyravarsla og umsjón — 120,00

E. Myndir — 120,00 — 2583,55

8. Óviss útgjöld (minning látinna manna o. fl.) — 90,53 — 7068,78

Samtals kr. 183086,95

Yfirlit um alþingiskostnað 1918.

Ávísað samkvæmt ávísana- og viðskiftabókum þingsins	kr. 183031,95
Greitt af stjórnarráðinu	— 55,00
	<u>Kr. 183086,95</u>

Aths.

Um III. 1. B. má geta þess, að í þeim lið felst það eitt af prentunarkostnaði umræðna frá vorþinginu, er greitt hafði verið áður en reikningsárinu lauk, eða kr. 8548,00.

Sömuleiðis er þess að gæta um III. 1. C., að þar er ekki talið neitt af prentunarkostnaði umræðna frá haustþinginu, með því að ekkert af þeim var prentað á reikningsárinu.

Skrifstofu Alþingis, 24. janúar 1919.

Einar Þorkelsson.

Þingfarar kaup alþingismanna 1918.

Nöfn	Vorþingið					Haustþingið					Þing- farar kaup samtals
	Dagpeningar			Ferðakostnaður, samkv. 2. og 3. gr. l. nr. 10, 1912	Dagpeningar og ferða- kostnaður alls	Dagpeningar.			Ferðakostnaður, samkv. 2. og 3. gr. l. nr. 10, 1912.	Dagpeningar og ferða- kostnaður alls	
	Samkv. l. nr. 10, 22. okt. 1912.	40% uppþót, samkv. l. nr. 33, 22. nóv. 1918.	Alls			Samkv. l. nr. 10, 22. okt. 1912.	40% uppþót, samkv. l. nr. 33, 22. nóv. 1918.	Alls			
kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Rvík . . .	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Bjarni Jónsson, þm. Dala., í Rvík	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., í Rvík . . .	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M., í Reyðarfirði	1150 00	460 00	1610 00	336 50	1946 50	148 00	59 20	207 20	240 50	447 70	2394 20
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang. á Breiðabólss.	1070 00	428 00	1498 00	170 50	1668 50	152 00	60 80	212 80	124 00	336 80	2005 30
Einar Arnórsson, 2. þm. Arn., í Rvík . . .	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Einar Arnason, 2. þm. Eyf., á Eyrarlandi.	1112 00	444 80	1556 80	330 00	1886 80	204 00	81 60	285 60	190 00	475 60	2362 40
Einar Jónsson, 2. þm. Rang., á Geldingaleik	1060 00	444 00	1484 00	170 50	1654 50	142 00	56 80	198 80	120 00	318 80	1973 30
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., í Vík	982 00	392 80	1374 80	95 00	1469 80	190 00	76 00	266 00	300 00	566 00	2035 80
Guðjón Guðlaugss. 4 landsk. þm., í Hólmav.	1092 00	436 80	1528 80	158 60	1687 40	160 00	64 00	224 00	120 00	344 00	2031 40
Guðm. Björnsson, 6 landsk. þm., í Rvík . . .	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Guðm. Ólafsson, 2. þm. Húnv., í Ási	1090 00	436 00	1526 00	300 00	1826 00	160 00	64 00	224 00	145 00	369 00	2195 00
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík . . .	980 00	392 00	1372 00	100 00	1472 00	224 00	89 60	313 60	100 00	413 60	1885 60
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga . . .	1070 00	428 00	1498 00	70 00	1568 00	218 00	87 20	305 20	135 00	440 20	2008 20
Hjörtur Snorras. 5. landsk. þm., í Arnarh..	1060 00	424 00	1484 00	80 00	1564 00	156 00	62 40	218 40	65 00	283 40	1847 40
Jóh. Jóhannesson, þm. Seyðf., í Rvík	832 00	332 80	1164 80	110 00	1274 80	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1375 60
Jón Jónsson, 1. þm. N.-M., á Hvanná	1166 00	466 40	1632 40	330 00	1962 40	196 00	78 40	274 40	290 00	564 40	2526 80
Jón Magnússon, 2. þm. Reykv., í Rvík	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Jörundur Brynjólfss., 1. þm. Reykv., í Rvík . . .	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Karl Einarsson, þm. Vestm., í Vestm.e.	1016 00	406 40	1422 40	44 00	1466 40	108 00	43 20	151 20	70 00	221 20	1687 60
Kristinn Danielsson, 2. þm. G.-K., í Rvík . . .	800 00	320 00	1120 00	. . .	1120 00	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	1220 80
Magn. Guðmundss., 1. þm. Skagf., í Rvík	868 00	347 20	1215 20	140 00	1355 20	72 00	28 80	100 80	. . .	100 80	145600

Magn. Kristjánsson, 1. þm. Ak., á Akureyri	800 00	320 00	1120 00	.	1120 00	72 00	28 80	100 80	.	100 80	1220 80
Magn. Pjetursson, þm. Stranda, í Hólmar.	1106 00	442 40	1548 40	300 00	1848 40	160 00	64 00	224 00	120 00	344 00	2192 40
Magnús Torfason, þm. Ísaf, á Ísafirði	1054 00	421 60	1475 60	200 00	1675 60	228 00	91 20	319 20	50 00	369 20	2044 80
Matthías Ólafsson, þm. V.Ísf, í Rvík	992 00	396 80	1388 80	711 20	2100 00	72 00	28 80	100 80	.	100 80	2200 80
Ólafur Briem, 2. þm. Skagf., á Álfgeirsv.	1114 00	449 60	1573 60	300 00	1873 60	210 00	84 00	294 00	180 00	474 00	2347 60
Pjetur Jónsson, þm. S.D., á Húsavík	1112 00	444 80	1556 80	360 00	1916 80	210 00	84 00	294 00	180 00	424 00	2340 80
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytra-Hólmi	1020 00	408 00	1428 00	50 00	1478 00	100 00	40 00	140 00	50 00	190 00	1668 00
Pjetur Þórðarson, þm. Mýra, í Hjörsey	1082 00	432 80	1514 80	65 00	1579 80	154 00	61 60	215 60	94 40	310 00	1889 80
Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm., í Rvík	800 00	320 00	1120 00	.	1120 00	72 00	28 80	100 80	.	100 80	1220 80
Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., í Rvík	800 00	320 00	1120 00	.	1120 00	72 00	28 80	100 80	.	100 80	1220 80
Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn., í Rvík	800 00	320 00	1120 00	.	1120 00	72 00	28 80	100 80	.	100 80	1220 80
Sigurður Stefánsson, þm. N.Ísf, í Vigur	1094 00	437 60	1531 60	230 00	1761 60	252 00	100 80	352 80	80 00	432 80	2194 40
Sigurj. Friðjónss., 1. landsk. varaþm., Laugum	1112 00	444 80	1556 80	360 00	1916 80	218 00	87 20	305 20	160 00	465 20	2382 00
Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf., í Fagrask.	1148 00	459 20	1607 20	270 00	1877 20	224 00	89 60	313 60	180 00	493 60	2370 80
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	1080 00	412 00	1442 00	.	1442 00	138 00	55 20	193 20	110 00	303 20	1745 20
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum	1100 00	440 00	1540 00	340 00	1880 00	178 00	71 20	249 20	340 00	589 20	2469 20
Þorst. Jónsson, 2. þm. N.-M., í Bakkagerði	1182 00	472 80	1654 80	330 00	1984 80	204 00	81 60	285 60	290 00	575 60	2560 40
Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv., á Hjaltab.	1090 00	436 00	1526 00	300 00	1826 00	1826 00
Ferð Ólfs úr Stykkishólmi á Ísafjörð og til Reykjavíkur	.	.	.	1901 00	1901 00	1901 00
Ferð Geirs úr Reykjavík til Borgarness	.	.	.	2000 00	2000 00	2000 00
Ferð Skjaldar til Akraness og Borgarness og viðkoma Varangers í Ólafsvík og á Patreksfirði	.	.	.	1662 50	1662 50	1662 50
Ferð Skjaldar til Akraness og Borgarness	650 00	650 00	650 00
Samtals	39394 00	15757 60	55151 60	11814 80	66966 40	5414 00	2165 60	7579 60	4333 90	11913 50	78879 90

Fylgiskjal II.

Skilgreining ferðakostnaðar.

	Á vorþinginu. kr.	Á haustþ. kr.	Samtals kr.
1. Þóknun fyrir farartálma var greidd eftirtöldum þingmönnum samkvæmt 3. gr. laga nr. 10, 22. okt. 1912:			
Birni Stefánssyni	156.50	60.50	217.00
Eggert Pálssyni	80.50	34.00	114.50
Einari Árnasyni	200.00	60.00	260.00
Einari Jónssyni	80.50	30.00	110.50
Gísla Sveinssyni		110.00	110.00
Guðjóni Guðlaugssyni	38.60		38.60
Guðmundi Ólafssyni	180.00	25.00	205.00
Halldóri Steinssyni	40.00	40.00	80.00
Hákoni Kristóferssyni		65.00	65.00
Hirti Snorrasyni	30.00	15.00	45.00
Jóhannesi Jóhannessyni	55.00		55.00
Jóni Jónssyni	140.00	100.00	240.00
Karli Einarssyni	24.00	50.00	74.00
Magnúsi Guðmundssyni	80.00		80.00
Magnúsi Pjeturssyni	180.00		180.00
Magnúsi Torfasyni	150.00		150.00
Matthíasi Ólafssyni	711.20		711.20
Ólafi Briem	180.00	60.00	240.00
Pjetri Jónssyni	200.00	50.00	250.00
Pjetri Þórðarsyni	15.00	44.40	59.40
Sigurði Stefánssyni	150.00		150.00
Sigurjóni Friðjónssyni	200.00		200.00
Stefáni Stefánssyni	140.00	50.00	190.00
Sveini Ólafssyni		20.00	20.00
Þorsteini Jónssyni	140.00	100.00	240.00
Þórarni Jónssyni	180.00		180.00
	= 3351.30	913.90	4265.20
2. Ferðakostnaður þingmanna samkvæmt 2. gr. laga nr. 10, 22. okt. 1912	2900.00	2770.00	5670.00
3. Skipaferðir til þess að flytja þingmenn til þings og frá þingi	5563.50	650.00	6213.50
Samtals	11814.80	4333.90	16148.70

Yfirlit um alþingiskostnað 1918.

Fylgiskjal III.

S a m n i n g a r

um

prentun Alþingistiðinda.**A. Skjalapartur og þingskjöl.**

Svo felðan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1918, og vjer undirritaðir, Þorvarður Þorvarðsson, Friðfinnur Guðjónsson og Þórður Sigurðsson, fyrir hönd hlutafjlagsins Gutenberg í Reykjavík.

1. gr. — Vjer undirritaðir menn, sem erum í stjórn hlutafjlagsins Gutenberg, skuldbindum oss til að prenta og gefa út skjalapart Alþingistiðindanna 1918. Er í þessari skuldbindingu fólgin prentun og pappír, samkvæmt 6. gr. hjer að aftan, pappír í kápur, innhefting með þræði og sjerhvað annað, er til útgáfu bóka heyrir, nema ritstjórn og prófarkalestur.

2. gr. — Upplag þessa hluta þingtiðindanna skal vera 800 — átta hundruð — eintök, en auk þess skal prenta handa þinginu um þingtímann 120 sjerprentanir ókeypis af hverju þingskjali út af fyrir sig, með því lagi og þeim frágangi, er tíðkast hefir hingað til og skrifstofustjóri þingsins mælir fyrir og þörf er á. Sjerprentanir þessar skal afhenda tafarlaust eftir þörfum þingsins, og má aldrei standa á prentun þeirra, að eigi sje þörfum þingsins jafnan fullnægt. Þó skulu það eigi talin sammingsrof af prentsmiðjunni, geti hún í bili, að kvöldi til eða nóttu, ekki prentað, ef það stafar frá skort á hreyfiafli eða ljósi (gasi). Prentun skjalaparts sje lokið að þinglausnum, ef kostur er á, og yfirlits þess, er honum á að fylgja.

3. gr. — Stærð og leturgerð á hverri örð er af þingsins hálfu áskilin hín sama og eigi minni en á þingskjölum 1917; svo skal og pappír og frágangur eigi vera lakari.

4. gr. — Fyrir prentun dagskráa áskiljum vjer, stjórn fyrgreinds hlutafjlags, oss borgun sjerstaklega, og er prentun þeirra fráskilin þessum samningi.

5. gr. — Óski þingið fleiri sjerprentana af einhverju þingskjali en að ofan greinir, eða með vandaðri pappír og frágangi, skuldbindur stjórn þráttnefnds hlutafjlags sig til þess að láta þinginu það í tje, gegn umsaminni borgun.

6. gr. — Fyrir hverja prentaða örð (8 blaðsíður) af skjalapartinum áskiljum vjer, oftnefnd stjórn hlutafjlagsins Gutenberg, að oss sjeu greiddar 105 — eitt hundruð og fimm — krónur og 12 aurar, og að auki fyrir hvert pappírsrís, er í skjalapart fer og laus þingskjöl, samkvæmt 2. gr., 46 — fjörutíu og sex — krónur. Pappírsverðið er þó því skilyrði bundið, að birgðir þær af pappír, er síðar koma, verði eigi dýrari en pappír sá, er prentsmiðjurnar eiga nú. Skuldbindum vjer oss til að gera fullnaðarreikningsskil vikulega meðan prentunin stendur yfir, í síðasta lagi á hverju föstudagskveldi.

7. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þessa umsamda hluta þingtiðindanna sje að öllu leyti vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið, þá áskiljum vjer oss rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, sem vanunnið eða vanefnt er, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins getur ekki átt sjer stað. Prentsmiðjan skal ekki taka á

Yfirlit um alþingiskostnað 1918.

móti nokkru þingskjali til prentunar fyrir þingið um þingtímann, nema því að eins, að það hafi komið til hennar frá skrifstofu þingsins og verið skrásett þar.

Reykjavík, 20. maí 1918.

Jóh. Jóhannesson. G. Björnson. Ólafur Briem.

Fyrir hönd hlutafjel. Gutenberg.

Þorvarður Þorvarðsson. Friðfinnur Guðjónsson.

Þórður Sigurðsson.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

Helgi Hjörvar.

B. Umræður.

1. Um samþykkt mál og afgreidd¹⁾.

Svo felðan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1918, og jeg, Ólafur Björnsson, fyrir hönd Ísafoldarprentsmiðju í Reykjavík.

1. gr. — Jeg, Ólafur Björnsson, skuldbind Ísafoldarprentsmiðju, eða mig fyrir hennar hönd, til að prenta og gefa út þann hluta Alþingistíðindanna 1918, er hefir inni að halda allar umræður um þau málefni, sem samþykkt eru og afgreidd frá þinginu, hvort heldur eru frumvörp eða tillögur, og önnur mál, er í þann flokk falla. Er í þessari skuldbindingu fólgin allur útgáfukostnaður þessa hluta Alþingistíðindanna, svo sem prentun, pappír í upplag og kápur, innhefing með þræði og sjerhvað annað, er til útgáfu bóka heyrir, nema ritstjórn og prófarkalestur, sbr. 4. gr.

2. gr. — Upplag Alþingistíðindanna skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Ólafur Björnsson, prentsmiðjuna til að skila upplaginu með þessari tölu í 10 arka heftum, meðan til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Það skulu samt eigi talin sammingsrof af prentsmiðjunni, þó að út af þessu beri, ef hún verður fyrir töfum vegna skorts á hreyfiafli eða ljósi (gasi). Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1917; svo skal og pappír og frágangur allur vera að minsta kosti eins góður og þá.

3. gr. — Jeg, Ólafur Björnsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei sje minna fullprentað á hverri viku en 7 — sjö — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar fyrsta örkin er fullsett. Vítaaus skal prentsmiðjan samt, þó að á skorti tilskilda arkatölu, enda sje þá engu öðru um að kenna en vöntun hreyfiafls eða ljóss (gass).

4. gr. — Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna áskilur Ísafoldarprentsmiðja sjer 77

1) Sjá enn fremur fylgiskjal IV.

Yfirlit um alþingiskostnað 1918.

— sjötíu og sjö — krónur og 10 aura, og að auki fyrir hvert pappírslísi, er í þann hluta þing-
tíðindanna fer, sem prentsmiðjan annast prentun á, sbr. 1. gr., 46 — fjörutíu og sex —
krónur. Pappírslísið er þó því skilyrði bundið, að birgðir þær af pappír, er síðar koma, verði
eigi dýrari en pappír sá, er prentsmiðjurnar eiga nú. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis
samkvæmt arkatölu þess þegar því er skilað, nema svo beri undir, sem ráð er fyrir gert í 5. gr.
Pappírslísið hvers heftis greiðist og eftir á, þá er lokið er prentun þess.

5. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þingtíðindanna sje í alla staði vel og
trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið eða vanhaldin ákvæði 3. gr.
hjer að framan, um hraða á prentun og hefting umræðnanna, þá áskiljum vjer oss, fyrir hönd
Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, er vanunnið eða vanefnt kann að
vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki
stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum eða öðrum, að breyta ræðunum eða leið-
rjetta þær, og ekki má hún heldur leyfa nokkrum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða
prófarkir, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, eins og þau koma frá skrifstofustjóra
þingsins.

Reykjavík, 12. júlí 1918.

G. Björnson. Jóh. Jóhannesson. Ólafur Briem.

p. p. Ísafold — Ólafur Björnsson.

Herbert M. Sigmundsson.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

Ingimar Jónsson.

2. Um fallin mál, óútrædd og aftur tekin og um fyrirspurnir, með aðalefnisyfirliti¹⁾.

Svo feldan samning gerum vjer, forsetar Alþingis 1918, og jeg, Steindór Gunnarsson, fyrir
hönd Fjelagsprentsmiðjunnar í Reykjavík.

1. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind Fjelagsprentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd,
til að prenta og gefa út þann hluta Alþingistíðindanna 1918, sem hefir inni að halda allar um-
ræður um þau málefni, sem feld eru, tekin aftur og óútrædd verða, hvort heldur eru laga-
frumvörp eða tillögur, svo og um fyrirspurnir og önnur mál, er í þann flokk falla, ásamt efnis-
yfirliti yfir þingtíðindin. Er í þessari skuldbindingu fólgin allur útgáfukostnaður þessa hluta
Alþingistíðindanna, svo sem prentun, pappír í upplag og kápur, innhefting með þræði og sjer-
livað annað, er til útgáfu hóka heyrir, nema ritstjórn og prófarkalestur, sbr. 4. gr.

2. gr. — Upplag Alþingistíðindanna skal vera 700 — sjö hundruð — og skuldbind jeg, Stein-
dór Gunnarsson, prentsmiðjuna til að skila upplaginu með þessari tölu í 10 arka heftum, meðan

1) Sjá enn fræmur fylgiskjal V.

Yfirlit um alþingiskostnað 1918.

til vinst, og aldrei má dragast 48 klukkustundum lengur að skila hverju hefti eftir að lokið er prentun á síðustu örk þess. Það skulu samt eigi talin samningsrof af prentsmiðjunni, þó að út af þessu beri, ef hún verður fyrir töfum vegna skorts á hreyfiafli eða ljósi (gasi). Stærð og leturmergð á hverri örk er af þingsins hálfu áskilin sú sama og eigi minni en á Alþingistíðindunum 1917; svo skal og pappír og frágangur allur vera að minsta kosti eins góður og þá.

3. gr. — Jeg, Steindór Gunnarsson, skuldbind prentsmiðjuna, eða mig fyrir hennar hönd, til að hraða prentuninni svo, að aldrei sje minna fullprentað á hverri viku en 5 — fimm — arkir að minsta kosti, frá því er prentun byrjar og uns henni er lokið að fullu, ef ekki stendur á handriti nje prófarkalestri. En prentun skal talin byrja þegar 1. örkin er fullsett. Víðalaus skal prentsmiðjan samt, þó að á skorti tilskilda arkatölu, enda sje þá engu öðru um að kenna en vöntun hreyfiafls eða ljóss (gass).

4. gr. — Fyrir hverja fullprentaða örk þingtíðindanna áskilur Fjelagsprentsmiðjan sjer 77 — sjötíu og sjö — krónur og 10 aura, og að auki fyrir hvert pappírsris, er í þann hluta þingtíðindanna fer, sem prentsmiðjan annast prentun á, sbr. 1. gr., 46 — fjörutíu og sex — krónur. Pappírsverðið er þó því skilyrði bundið, að birgðir þær af pappír, er síðar koma, verði eigi dýrari en pappír sá, er prentsmiðjurnar eiga nú. Greiðist prentunarkostnaður hvers heftis samkvæmt arkatölu þess þegar því er skilað, nema svo beri undir, sem ráð er fyrir gert í 5. gr. Pappírsverð hvers heftis greiðist og eftir á, þá er lokið er prentun þess.

5. gr. — Vjer undirritaðir forsetar áskiljum, að prentun þingtíðindanna sje í alla staði vel og trúlega af hendi leyst. Sje á nokkurn hátt út af þessu brugðið eða vanhaldin ákvæði 3. gr. hjer að framan, um hraða á prentun og hefting umræðnanna, þá áskiljum vjer oss, fyrir hönd Alþingis, rjett til þess að halda eftir 10% af verði þess, er vanunnið eða vanefnt kann að vera, uns fullar bætur eru þar á gerðar, og fyrirframgreiðsla af hálfu þingsins á sjer ekki stað. Prentsmiðjan má engum leyfa, þingmönnum eða öðrum, að breyta ræðunum eða leiðrjetta þær, og ekki má hún heldur leyfa nokkrum óviðkomandi mönnum að sjá handritin eða prófarkir, og skal prenta umræðurnar eftir handritunum, eins og þau koma frá skrifstofustjóra þingsins.

Reykjavík, 12. júlí 1918.

Jóh. Jóhannesson. G. Björnson. Ólafur Briem.

pr. Fjelagsprentsmiðjan.

St. Gunnarson.

Vitundarvottar:

Jón Sigurðsson.

Ingimar Jónsson.

Yfirlit nm alþingaskostnað 1918.

Fylgiskjal IV.**Eftirrit**

af

brjefi Ísafoldarprentsmiðju til forseta Alþingis, dags. 22. nóv. 1918.

Þar eð pappír sá, er vjer nú höfum fengið í Alþingistíðindin, er miklum mun dýrari en þá er samningar um prentun þeirra voru gerðir, neyðumst vjer til að hækka verðið á rísi hverju upp í kr. 62.00, og byrjar sú hækkan á 12. örk Alþingistíðindanna. — Þar eð 4. gr. samningsins gerir ráð fyrir þessum möguleika, leyfum vjer oss að skírskota til hennar í þessu efni. Einnig er reikningur yfir pappírinn til sýnis forsetum eða skrifstofustjóra, ef vill, máli voru til sönnunar.

Virðingarfylst.

p. p. Ísafold. — Ólafur Björnsson.

Herbert M. Sigmundsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal V.**Eftirrit**

af

brjefi Fjelagsprentsmiðjunnar til forseta Alþingis, dags. 2. des. 1918.

Með skírskotun til 4. gr. samnings forseta Alþingis við oss um prentun á Alþingistíðindum 1918, leyfum vjer oss hjer með að tilkynna, að vjer erum neyddir til vegna þess háa verðs, sem nú er á prentpappír, að reikna pappír þann, er notaður verður í það, af nefndum Alþingistíðindum, sem prentað verður hjá oss, á kr. 60.00 rísið.

Virðingarfylst.

Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.

St. Gunnarsson.

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal VI.

Símanot

Þingmanna 1918 á kostnað Alþingis.

Nöfn	Frá talsimum Alþingis og landsímastöð						Frá öðrum stöðum í apr. til sept. kr.	Samtals kr.
	í apríl kr.	í maí kr.	í júní kr.	í júlí kr.	í ágúst kr.	í sept. kr.		
Benedikt Sveinsson . . .	"	3,95	"	"	"	"	"	3,95
Bjarni Jónsson	3,95	12,40	4,05	"	"	"	"	20,40
Björn Kristjánsson . . .	"	0,15	0,70	"	"	"	"	0,85
Björn Stefánsson	14,55	58,00	23,30	40,55	"	31,50	"	167,90
Eggert Pálsson	2,25	17,75	7,00	10,25	"	3,25	"	40,50
Einar Arnórsson	"	"	"	5,25	"	"	"	5,25
Einar Arnason	3,95	11,90	9,15	8,95	"	3,50	"	37,45
Einar Jónsson	2,75	6,95	8,55	8,00	"	"	"	26,25
Gísli Sveinsson	0,40	15,15	10,85	28,35	"	17,20	13,65	85,60
Guðjón Guðlaugsson . .	13,15	20,95	41,00	25,35	"	16,00	"	116,45
Guðmundur Björnson . .	"	2,30	"	"	"	"	"	2,30
Guðmundur Ólafsson . .	18,40	59,40	54,20	31,40	"	17,15	17,40	198,55
Halldór Steinsson	"	33,00	15,50	16,00	3,00	9,00	7,70	84,20
Hákon Kristófersson . . .	7,85	26,75	18,20	22,85	2,65	12,90	3,95	95,15
Hjörtur Snorrason	5,35	15,70	9,30	1,50	"	10,70	"	42,55
Jóhannes Jóhannesson . .	16,05	20,45	1,05	8,75	"	"	"	46,30
Jón Jónsson	7,35	11,15	13,55	16,90	"	"	"	48,95
Jón Magnússon	"	"	"	"	"	"	"	"
Jörundur Brynjólfsson . .	"	"	"	"	"	"	"	"
Karl Einarsson	44,50	59,10	48,15	58,10	"	31,00	"	240,85
Kristinn Danielsson	"	1,00	0,40	"	"	"	"	1,40
Magnús Guðmundsson . . .	1,05	14,50	7,80	3,55	"	"	"	26,90
Magnús Kristjánsson . . .	3,75	3,75	"	"	"	17,50	"	25,00
Magnús Pjetursson	24,20	66,00	50,30	52,00	"	13,75	38,25	244,50
Magnús Torfason	21,85	38,70	35,40	13,25	"	"	"	109,20
Matthías Ólafsson	"	"	2,35	1,85	1,95	"	"	6,15
Ólafur Briem	"	"	"	8,60	"	1,95	"	10,55
Pjetur Jónsson	3,75	32,95	"	40,30	"	"	38,60	115,60
Pjetur Ottesen	9,00	14,30	10,60	19,80	"	1,50	"	55,20
Pjetur Þórðarson	0,70	"	1,20	0,75	"	0,75	"	3,40
Sigurður Eggerz	"	"	"	5,15	"	"	"	5,15
Sigurður Jónsson	"	"	"	6,80	"	"	"	6,80
Sigurður Sigurðsson	2,00	4,40	1,75	"	"	"	"	8,15
Sigurður Stefánsson	8,65	6,00	15,40	11,55	"	10,70	"	52,30
Sigurjón Friðjónsson . . .	1,25	14,25	9,55	12,25	"	3,50	"	40,80
Stefán Stefánsson	8,05	54,85	23,00	10,95	"	27,00	"	123,85
Sveinn Ólafsson	4,60	10,95	9,40	6,65	"	3,50	"	35,10
Þorleifur Jónsson	5,20	20,10	21,85	24,50	"	11,90	"	83,55
Þorsteinn Jónsson	10,20	42,15	29,00	20,90	"	2,80	"	105,05
Þórarinn Jónsson	48,00	92,00	59,60	57,90	"	"	9,70	267,20
Forsetar	"	"	"	14,85	"	"	"	14,85
Samtals	292,75	790,95	542,75	593,80	7,60	247,05	129,25	2604,15

Fylgiskjal VII.**Útdráttur**

úr

gerðabókum beggja deilda Alþingis.

Á 3. fundi í báðum deildum, miðvikudaginn 17. apríl, mæltu forsetar, hvor í sinni deild:

„Forsetar hafa samþykkt að greiða sem kostnað við Alþingi hverjum þingmanni upp í símakostnað sem svarar 4 viðtalsbilum á viku, og er þar átt við viðtöl heim í kjördæmi þingmannsins, gegn því, að þeir sýni kvittanir fyrir svo miklum símkostnaði.

Jafnframt hefir verið ákveðið að tilkynna landssímastjórninni, að hún mætti ekki gera Alþingi reikning fyrir neinum símtölum frá sínum Alþingis út um land, heldur yrði að telja hvert símtal þeim til skuldar, er talaði.

Loks er þingmönnum tilkynt, að þeim er jafnan um þingtímann vís aðganga að síma nr. 354, og í viðlögum að síma nr. 411, í skjalaherberginu, en alls ekki að skrifstofusímanum, nr. 61“.

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 19. apríl, tilkynti forseti, áður til dagskrár væri gengið, að forsetar allir hefðu orðið um það ásáttir, að gera þá breytingu á áður gerðum ákvæðum um símanot þingmanna, að þingmenn skyldu á þessu þingi hafa á kostnað Alþingis öll sömu símanot sem á síðasta þingi.*

(Sjá Alþt. 1917. C. bls. 1360—1361).

* Á haustþinginu var einnig fylgt þessum ákvæðum forseta um símanot þingmanna.